

## **Aðalfundur HRFÍ 23. maí 2012 kl.20:00 á Grand Hótel.**

Kl. 20.05 setti formaður HRFÍ aðalfund. Mættir voru 89 félagsmenn í Reykjavík og 11 á Akureyri, sem tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað, alls 100 manns.

### **1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað.**

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður HRFÍ, tók til máls og bauð fundargesti velkomna. Að því búnu lýsti hún yfir skipan fundarstjóra og fundarritara.

Pétur Örn Sverrisson, hæstaréttarlögmaður var skipaður fundarstjóri og Guðrún Margrét Baldursdóttir var skipuð fundarritari.

Fundarstjóri steig í pontu og byrjaði á að kanna lögmæti fundarins. Hann var auglýsur í 1. tlb. Sáms sem fór í dreifingu 9. maí sl. og einnig var aðalfundurinn auglýstur á vefsíðu HRFÍ. Úrskurðaði fundarstjóri að þetta teldist vera lögmæt boðun aðalfundar HRFÍ og lýsti fundinn lögmætan. Var þá gengið til auglýstrar dagskrár.

### **2. Skýrsla stjórnar HRFÍ.**

Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri steig í pontu og flutti skýrslu stjórnar.

Þar kom m.a. fram að stjórn félagsins hefur fundað 20 sinnum á starfsárinu 2011-2012. Á árinu voru haldnir þrjú fulltrúaráðsfundir.

Þrjú starfsmenn eru nú starfandi á skrifstofu.

Almennt hefur orðið 16-20 % samdráttur í allri starfseminni, ættbókarskráningum og skráðum gotum. Augnskoðun hefur dregist saman um 38%. Samþykkt voru 30 ný ræktunarnöfn. Skráning á sýningar hefur dregist saman um 27%. Samdráttur kom seinna fram hjá HRFÍ en hjá systurfélögum á hinum Norðurlöndunum.

Augnskoðanir voru 3 á liðnu ári. 580 hundar voru skoðaðir. Dýralæknar buðu upp á fyrirspurnir varðandi PRA á skrifstofu félagsins eftir augnskoðun.

Ritstjóri Sáms var Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Nýir titlar fyrir vinnupróf voru samþykktir á síðasta ári og eru þeir birtir á heimasíðu félagsins. 11 veiðipróf voru haldin á síðasta ári fyrir standandi fuglahunda og 10 próf fyrir retriever hunda. Eitt smalæðlispróf var haldið, alls 14 hundar.

Sýningar: Valgerður greindi stuttlega frá sýningum sem haldnar voru á liðnu ári en þær voru fjórar. Einnig greint frá því hverjir kepptu fyrir hönd HRFÍ í keppnum ungra sýnenda. Samningur við Reiðhöllina í Víðidal rann út og var ekki endurnýjaður. Ákveðið var að leita að ódýrara húsnæði. Sýning var haldin í Klettagörðum 6 í febrúar og júnísýningin verður í húsnæði á Korputorgi. Sagt var frá sérsýningum. DÍF deildarsýning 14. janúar.

Boðið hefur verið upp á sýningarþjálfun á vegum Unglingadeildar fyrir allar sýningar eins og áður. Allur ágóði rennur í ferðasjóð Unglingadeildar.

Dómaranámi yngri þáttakenda var hleypt af stokkunum og einnig var byrjað með nám fyrir eldri hóp. 16 dómaranemar eru nú skráðir hjá félaginu, auk 3 dómaraefna. Nýir retriever- og fuglahundadómarar voru fengu réttindi hjá félaginu á árinu.

Laugavegsgangan fór vel fram að venju.

Uppskeru- og aðventuhátíð var haldin í desember og tókst hún vel.

Full aðild HRFÍ að FCI varð að veruleika á heimssýningunni í París 2011. Full aðild HRFÍ var samþykkt einróma á fundinum. Jóna Th. Viðarsdóttir, Guðríður Valgeirsdóttir og Guðrún Guðjohnsen voru heiðraðar af Sænska hundaræktarfélaginu í desember sl.

Samstarf hundaræktarfélaga á Norðurlöndum; HRFÍ var með kynningarbás á Hund 2011 í Stokkhólmi.

Ræktunarnámskeið voru haldin í Sólheimakoti með Hans Åke Spärne sem kennara.

Útgáfa bæklinga er komin í gang. Fyrsti bæklingurinn er kominn út. *Sámur - komdu* útskýrir hvernig börn eiga að haga sér í samskiptum við hunda. Kynningarstarf vegna bæklingins. Leikskólinn Grandaborg óskaði eftir heimsókn með hundum þar sem bæklingurinn yrði kynntur. Samningur við sveitarstjóra Árborgar um að fulltrúar frá HRFÍ komi í heimsókn á alla leikskóla í sveitarfélaginu.

„Til hamingju með hvolpinn þinn“ - dvd diskur sem mun fylgja öllum nýjum ættbókum.

Innflutningur hunda og hundahald: HRFÍ veitti umsögn um nýja hundasamþykkt í Reykjavík og félagið er einnig umsagnaraðili um frumvarp til Dýraverndunarlagar.

Skráning á júní sýningu er góð, boðið verður upp á augnskoðun á Korputorgi sömu daga. Óvíst hvar ágúst sýning verður haldin. Boðið verður upp á augnskoðun í tengslum við sýningu í nóvember.

Gerður var góður rómur að skýrslu Valgerðar.

### **3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar**

Þorsteinn Þorbergsson, félagskjörinn skoðunarmaður, lagði fram ársreikninga félagsins til samþykktar aðalfundar í fjarveru gjaldkera.

Uppgjör HRFÍ og Ra fasteignafélags birt saman.

Þorsteinn fór yfir rekstrarreikning félagsins með glærusýningu. Skýrði hann nánar einstaka liði í ársreikningi með nákvæmu yfirliti útskýrði frekar einstaka liði rekstrarreikningsins.

Kostnaður hefur aukist, m.a. rekstrarkostnaður og vaxtakostnaður. Niðurstaðan er neikvæð fyrir síðasta ár.

Mikill samdráttur í skráningum á sýningar olli miklu tekjutapi og voru margir reikningar ógreiddir um áramót. Gengið var frá þeim um leið og tekjur komu inn.

Guðmundur A. Guðmundsson, stjórnarmaður í Retrieverdeild tók til máls um 1. og 2. lið (skýrslu stjórnar og ársreikninga). Þakkaði hann Þorsteini sérstaklega fyrir góða samantekt um ársreikning.

Hann kvaðst óánægður með að mikið væri gert úr sýningum á vegum félagsins en lítið minnst á veiðipróf, t.d. að íslenskir retriever dómamar voru fengnir til útlanda til að dæma á síðasta ári. Hann kvaðst fagna tölulegum gögnum sem voru birt í síðasta Sámi.

Hann kvað vera aukna þátttöku á veiðiprófum, bæði standandi fuglahunda og retriever hunda. Þátttaka hefði aukist um 108% og 33% með tilheyrandi tekjuaukningu.

Brynja Tomer tók til máls og bað um svör við því hvaða fasta kostnað væri átt við varðandi skipulag á sýningum fram í tímann og hversu hár hann væri. Lýsti hún yfir ánægju sinni með liðina skýrslu stjórnar og ársreikninga (1. og 2. lið).

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður, svaraði fyrirspurninni og sagði að fastur kostnaður væri sá kostnaður sem alltaf félli til, t.d. dagpeningar dómara, flugmiðar ofl. Ekki væri vitað ennþá hver sá kostnaður yrði eða hverjar tekjur yrðu af sýningum. Jóna sagðist ekki geta séð þessa aukningu á tekjum fyrir veiðipróf eins og Guðmundur talaði um þar sem tölur sýni annað.

Mælendaskrá var lokað um liði 2 og 3 og ársreikningur borinn undir fundinn. Samkvæmt handauppréttingum var hann samþykktur af flestum fundarmanna. Sérstaklega var spurt um niðurstöðu atkvæðagreiðslu á Akureyri í hvert skipti sem atkvæði voru greidd á fundinum.

#### **4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar**

Kristín Sveinbjarnardóttir frá siðanefnd flutti skýrslu nefndarinnar í forföllum formanns nefndarinnar. Samkvæmt samantekt hennar risu 15 mál fyrir nefndinni vegna augnvottorða, 4 mál vegna heilsufarsvottorða eða aldurs tíka og 1 mál var af öðrum toga.

Góður rómur var gerður að máli Kristínar og kaus enginn að taka til máls um skýrsluna.

#### **5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta starfstímabil lögð fram til samþykkis.**

Þorsteinn Þorbergsson, félagskjörinn skoðunarmaður, flutti framsögu um áætlunina í fjarveru gjaldkera. Ekki er gert ráð fyrir miklum samdrætti í rekstri félagsins hvað varðar tekjur en kostnaður mun hækka. Gert ráð fyrir hagnaði hjá félaginu á árinu 2012.

Anna Hermannsdóttir tók til máls og spurði um laun og launatengd gjöld og stjórnunarkostnað. Gert er ráð fyrir lækkun á launum og launatengdum gjöldum en hækkun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði.

Jóna Th. Viðarsdóttir tók aftur til máls og taldi upp þá liði sem falla undir stjórnunarkostnað. Lækkaður launakostnaður útskýrist af því að einn starfsmaður fer í barnsburðarleyfi á seinni hluta árs og starfshlutfall annars eykst.

Anna Hermannsdóttir tók aftur til máls og ítrekaði fyrirspurn sína.

Þorsteinn Þorbergsson tók til máls og kvað kostnað við rekstur tölvukerfis HRFÍ hafa aukist umtalsvert. Hann útskýrði í stuttu máli í hverju fjárfesting í tölvukerfi væri fólgin og hvar hún stæði.

Starfs- og fjárhagsáætlun var samþykkt með handaruppréttingum. Enginn var á móti.

#### **6. Lagabreytingar**

(Hér fyrir neðan eru birtar lagabreytingatillögur sem fram komu fyrir fundinn og greinargerð um afdrif hverrar tillögu.

##### **1. Tillaga að lagabreytingu frá Siðanefnd HRFÍ**

Þessi lagabreytingatillaga er lögð fram til að einfalda málsmeðferð hjá Siðanefnd.

27. Siðanefnd kemur saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni

eða stofnun innan HRFÍ. Aðilar málsins mega tjá sjónarmið sín fyrir nefndinni og skal hún leita sátta *í þeim málum sem sakir eru miklar ellegar félagsmaður hefur ítrekað sætt áminningu* en úrskurða ella. Mál skulu tekin fyrir og afgreidd svo fljótt sem unnt er. Siðanefnd getur úrskurðað í málum til bráðabirgða samkvæmt kröfu málsaðila ef ríkar ástæður eru til þess að mati nefndarinnar. Bráðabirgðaúrskurðir siðanefndar gilda í tiltekin tíma og er hámarks lengd slíkra úrskurða 3 mánuðir. Siðanefnd getur í einstökum málum fjölgað í nefndinni með því að kalla inn í hana löglærðan fulltrúa utan félagsins. Á fundum siðanefndar ræður afl atkvæða um úrskurði nefndarinnar. Úrskurðurinn skal vera rökstuddur og skal ávallt birtur málsaðilum innan viku frá því að úrskurður er kveðinn upp. Úrskurður siðanefndar er endanlegur. Úrskurðir skulu birtir á vefsíðu HRFÍ. Siðanefnd getur endurskoðað ákvarðanir sínar ef ríkar ástæður eru til.

Kristín Sveinbjarnardóttir talaði fyrir lagabreytingar tillögunni.

Guðríður Magnúsdóttir kom með fyrirspurn varðandi hvað teldust miklar sakir eða litlar.

Kristín Sveinbjarnardóttir svaraði og sagði að ef liggi fyrir að beitt verði lægsta refsistigi (áminningu) þá muni ekki þurfa að leita sátta.

Tillagan var samþykkt með handauppréttingu þorra fundarmanna og einnig var hún samþykkt af öllum viðstöddum á Akureyri.

## 2. Tillaga að lagabreytingu frá stjórn HRFÍ

### Breyting á e. lið 11. gr.

11. Stjórn HRFÍ fer með málefni félagsins milli félagsfunda.

Stjórn skal auk þess sem kveðið er á um í lögum þessum:

- a) Undirbúa mál sem félagsfundur fjallar um.
  - b) Taka til meðferðar ályktanir félagsfunda.
  - c) Bera ábyrgð á fjárreiðum og öðrum eigum HRFÍ.
  - d) Skila ársreikningum HRFÍ til endurskoðenda fyrir lok janúar ár hvert.
  - e) Sjá um ráðningar og uppsagnir starfsfólks, *p.m.t. framkvæmdastjóra*, ákveða laun og önnur kjör, taka saman starfslýsingar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk og hafa tilsjón með starfi þess.
  - f) Setja reglugerðir um starfsemi félagsins.
  - g) Skipa í fastanefndir á fyrsta fundi eftir aðalfund og setja þeim starfsreglur.
- Stjórn HRFÍ getur skipað nefndir og vinnuhópa, bæði úr eigin hópi og utan, til þess að sjá um ákveðin mál stjórnar.

Fastanefndir félagsins eru: Ritnefnd, sýningarstjórn, vísindnefnd, skólanefnd ættbókarnefnd og laganefnd. Fastanefndir skulu gefa stjórn félagsins skýrslu um starfsemi sína fyrir lok mars ár hvert.

Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls og kvað tilgang breytinganna vera þann að taka af allan vafa um að stjórn sæi um ráðningu framkvæmdarstjóra.

Ólafur E. Jóhannsson tók til máls og kvað breytinguna óparfa. Sjálfsagt ætti að vera að stjórnin réði framkvæmdarstjóra svo að ekki þyrfti að taka það sérstaklega fram í lögum.

Klara Hafsteinsdóttir tók til máls og nefndi að stjórn ætti að auglýsa starfið og ráða hæfasta umsækjandann.

Ragnar tók til máls og benti á að heimildin hlyti að ná til þess að segja framkvæmdarstjóra upp störfum.

Tillagan var borin undir atkvæði með handaruppréttingum og var hafist handa við að telja atkvæði en ljóst var að meirihluti fundarmanna greiddi atkvæði gegn tillögunni og **var hún felld**.

---

### 3. Tillaga að lagabreytingum frá Guðríði Magnúsdóttur (8 tillögur):

#### **TILLAGA 1 - frá Guðríði Magnúsdóttur**

Var

#### **III. Félagsfundir**

##### **8.grein**

##### **liður 10**

10. Önnur mál. Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu og á heimasíðu félagsins. Ef tillaga er lögð fram á aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál skv. þessum tölulið, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar, en ekki til ákvörðunar.

Verður

#### **III. Félagsfundir**

##### **8.grein**

##### **liður 10**

10. Önnur mál. Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu og á heimasíðu félagsins **um leið og þær berast og í síðasta lagi fjórum dögum fyrir aðalfund** Ef tillaga er lögð fram á aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál skv. þessum tölulið, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar, en ekki til ákvörðunar.

Guðríður Magnúsdóttir talaði fyrir tillögunni.

Valgerður Júlíusdóttir tók til máls og útskýrði að það gæti verið óhöndugt að hafa tímamörk í gildi þar sem það gæti staðið illa á dögum.

Brynja Tomer tók til máls og lagði til að eftirfarandi breyting yrði gerð á tillögunni: „um leið og þær berast.“ verði orðalag breytinganna.

Arnheiður tók til máls og lagði til að miðað yrði við næsta dag.

Fundarstjóri fékk þá leyfi fundarins til að bera upp tillögu að eftirfarandi breytingu á tillögunni: Eina breytingin sem gerð verði sé „**næsta virka dag eftir að þær berast**“

**Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi fjölda atkvæða.**

#### **TILLAGA 2 - frá Guðríði Magnúsdóttur**

Var

#### **IX. Siðanefnd og agareglur**

26. Siðanefnd skal kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Í nefndinni sitja þrír fulltrúar

félagsmanna HRFÍ, jafnframt skal kjósa tvo varafulltrúa. Nefndarmenn og varamenn þeirra geta ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn HRFÍ. Siðanefnd velur sér formann. Siðanefnd er ætlað að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.

verður

#### **IX. Siðanefnd og agareglur**

26. Siðanefnd skal kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar félagsmanna HRFÍ, jafnframt skal kjósa tvo varafulltrúa. **Nefndarmenn og varamenn þeirra geta ekki verið í öðrum störfum fyrir HRFÍ.** Siðanefnd velur sér formann. Siðanefnd er ætlað að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.

Þorsteinn Þorbergsson tók til máls og lýsti undrun sinni á tillögunni. Aðalfundur velji nefndarmenn í Siðanefnd og þurfi ekki frekari endurskoðun á hæfi viðkomandi félagsmanna til að sitja í Siðanefnd.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir tók til máls og kvað breytingarnar myndu hefta starf félagsins ef af yrði. Flestir virkir félagsmenn gegna einhverskonar störfum fyrir félagið og þetta myndi kalla á að fá þyrfti utanaðkomandi menn með tilheyrandi kostnaði

Guðríður Magnúsdóttir dró tillögu sína til baka og óskaði eftir að leggja fram breytta tillögu sem gengi skemur. Breyting: **Nefndarmenn og varamenn þeirra geta ekki verið í aðalstjórn og stjórnnum deilda innan félagsins.**

**Breytt tillaga var felld með handaruppréttingum.**

---

### **TILLAGA 3 - frá Guðríði Magnúsdóttur**

Var

#### **IV. Stjórn félagsins**

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára.

Endurkjör er leyfilegt.

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert. Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Verður

#### **IV. Stjórn félagsins**

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára.

Endurkjör er leyfilegt.

**Endurkjör skal tilkynnt á heimasíðu félagsins fyrir 15.mars ár hvert.**

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert **og nöfn**

frambjóðenda tilkynnt á heimasíðu félagsins. 31.mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Anna María Flygenring tók til máls fyrir hönd stjórnarinnar. Hún kvað stjórnina telja að allir ættu að sitja við sama borð og ætti að vera sami frestur fyrir þá sem óskuðu eftir endurkjöri og þá sem byðu sig fram nýir í stjórn. Lagði hún til að tillagan yrði felld.

Ólafur E. Jóhannsson sagðist vera sammála því að fyrri liðurinn yrði felldur. Hann sagðist hins vegar styðja seinni hluta tillögunnar. Bað hann fundarstjórnann um að breytingartillagan yrði borin upp í tvennu lagi. Hafnaði fundarstjóri því en kvaðst fallast á að tillagan yrði borin fram í breyttu formi.

Guðríður kvaðst vera tilbúin til að breyta tillögu sinni og fella fyrri hluta hennar brott. Sameiginleg breytingartillaga Guðríðar og Ólafs varð sú að eftirfarandi setning féll brott úr tillögunni: „Endurkjör skal tilkynnt á heimasíðu félagsins fyrir 15. mars ár hvert.“

**Breytt tillaga var samþykkt með handauppréttingum.**

---

## TILLAGA 4 - frá Guðríði Magnúsdóttur

Var

### IV. Stjórn félagsins

12. Formaður boðar til stjórnarfunda, en í forföllum hans varaformaður. Fundirnir skulu boðaðir með tryggilegum hætti og með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Stjórn HRFÍ skal koma saman a.m.k. einu sinni í mánuði. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir þegar þrír stjórnarmenn eru mættir til fundar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Gerðir stjórnar skulu bókfærðar.

Verður

### IV. Stjórn félagsins

12. Formaður boðar til stjórnarfunda, en í forföllum hans varaformaður. Fundirnir skulu boðaðir með tryggilegum hætti og með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Stjórn HRFÍ skal koma saman a.m.k. einu sinni í mánuði. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir þegar þrír stjórnarmenn eru mættir til fundar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. **Gera skal grein fyrir niðurstöðum atkvæða nefndarmanna í hverju máli og varamenn hafa ekki atkvæðarétt nema í forföllum aðalmanns** Gerðir stjórnar skulu bókfærðar. **Deildir félagsins mega hafa áheyrnafulltrúa á stjórnarfundum.**

Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls um breytingatillöguna. Hún kvað gerðabók vera færða á stjórnarfundum. Hún kvað þá almennu reglu gilda að varamenn hefðu ekki atkvæðisrétt nema í forföllum stjórnarmanna. Varðandi áheyrnafulltrúa þá kvað Jóna það einfaldlega illframsæmanlegt að leyfa setu fulltrúa deilda á stjórnarfundum og væri það í andstöðu við almennar reglur.

Þorsteinn Þorbergsson tók til máls og benti á að fulltrúaráðsfundir væru vettvangur fulltrúa ræktunardeilda og stjórnar til að hittast og ræða málín.

**Var tillaga Guðríðar borin undir atkvæði og felld.**

---

## **TILLAGA 5 - frá Guðríði Magnúsdóttur**

Var

### **V. Fjárreiður**

14. Stjórn félagsins ákveður gjaldskrá félagsins fyrir ár hvert. Heimilt er að fella niður félagsgjald þeirra félaga 67 ára og eldri, sem greitt hafa félagsgjöld samfellt síðastliðin 10 ár. Heiðursfélagar greiða engin félagsgjöld.

Verður

### **V. Fjárreiður**

14. **Aðalfundur** félagsins samþykkir gjaldskrá félagsins fyrir ár hvert. **(og fellur inni lið 5, Í grein 8 grein “Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.”** Heimilt er að fella niður félagsgjald þeirra félaga 67 ára og eldri, sem greitt hafa félagsgjöld samfellt síðastliðin 10 ár. Heiðursfélagar greiða engin félagsgjöld.

Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls og taldi það vera óþarfa takmörkun á störfum stjórnar að fela aðalfundi að ákveða gjaldskrá. Stjórn hefði mun betri forsendur til að taka ákvarðandi í þeim efnum.

**Tillagan var borin undir atkvæði með handauppréttingum og var hún felld.**

---



## TILLAGA 6 - frá Guðríði Magnúsdóttur

Var

### V. Fjárreiður.

13. Formaður HRFÍ auk tveggja annarra stjórnarmanna rita firma HRFÍ. Allar meiri háttar fjárskuldbindingar skal bera undir félagsfund. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu birtir í félagsblaði.

Verður

### V. Fjárreiður.

13. Formaður HRFÍ auk tveggja annarra stjórnarmanna rita firma HRFÍ. Allar meiri háttar fjárskuldbindingar skal bera undir félagsfund. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu birtir í félagsblaði. **og á heimasíðu félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund.**

Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls og kvað stjórn vilja koma með breytingartillögu við lagabreytingartillögu Guðríðar.

Tillaga stjórnar er eftirfarandi: **Peir skulu einnig liggja frammi á skrifstofu félagsins 5 dögum fyrir aðalfund og jafnframt sendir öllum félagsmönnum á tölvupóstlista.**

**Þessi breytta tillaga var samþykkt með handauppréttingum. Ekki var frekar fjallað um upphaflega tillögu.**

---

## TILLAGA 7 - frá Guðríði Magnúsdóttur

var

### X. Lagabreytingar

29. Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða fundarmanna. Til þess að lagabreyting verði tekin til meðferðar á aðalfundi, skal hún berast stjórn HRFÍ fyrir 1. mars ár hvert. Lagabreytingartillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins a.m.k. viku fyrir aðalfund.

Verður

### X. Lagabreytingar

29. Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og þarf til þess a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða fundarmanna. Til þess að lagabreyting verði tekin til meðferðar á aðalfundi, skal hún berast stjórn HRFÍ **15 dögum fyrir aðalfund.**

**Lagatillögur** skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins **14 dögum fyrir aðalfund.**

Þorsteinn Þorbergsson tók til máls og sagði að slæm reynsla væri af því að breyta lögum of ört.

Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls og sagði að nægur tími þyrfti að vera til staðar til að bera lagabreytingartillögur undir sérfræðing og gæta að því hvort tillögurnar stönguðust við önnur ákvæði laga og reglugerða félagsins.

Guðríður breytti tillögu sinni á þann veg að í stað „14 dögum fyrir aðalfund“ kæmi „12 dögum fyrir aðalfund“.

**Breytt tillaga var borin undir atkvæði með handauppréttingum og var hún felld.**

---

## **TILLAGA 8 - frá Guðríði Magnúsdóttur**

Var

### **III. Félagsfundir**

7. Félagsfundir HRFÍ hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Til hans skal boða bréflaga með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Fundarboð telst löglegt, sé það birt í félagsblaði. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins. Aukafundi skal halda: a) Ef endurskoðendur kjörnir á aðalfundi fara fram á það.

b) Ef meira en 1/10 hluti félagsmanna óska þess.

c) Ef stjórn HRFÍ telur sérstaka ástæðu til þess. Krafa um aukafund skal vera skrifleg, stíluð á stjórn HRFÍ og í henni skal greina frá hvaða mál fundurinn á að fjalla um. Aukafund skal halda innan 15 daga frá því að krafa berst stjórn HRFÍ. Stjórn HRFÍ ákveður fundartíma og fundarstað. Fundarboð vegna aukafundar skal póstsenda í síðasta lagi viku fyrir fundinn. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins og tilefni.

Verður

7. Félagsfundir HRFÍ hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Til hans skal boða bréflaga með a.m.k. **20 daga** fyrirvara. Fundarboð telst löglegt, sé það birt í félagsblaði. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins. Aukafundi skal halda: a) Ef endurskoðendur kjörnir á aðalfundi fara fram á það.

b) Ef meira en 1/10 hluti félagsmanna óska þess.

c) Ef stjórn HRFÍ telur sérstaka ástæðu til þess. Krafa um aukafund skal vera skrifleg, stíluð á stjórn HRFÍ og í henni skal greina frá hvaða mál fundurinn á að fjalla um. Aukafund skal halda innan 15 daga frá því að krafa berst stjórn HRFÍ. Stjórn HRFÍ ákveður fundartíma og fundarstað. Fundarboð vegna aukafundar skal póstsenda í síðasta lagi viku fyrir fundinn. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins og tilefni.

Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls og kvað ekki ástæðu til að breyta gildandi lögum og reglum.

**Borin var upp tillaga um að tillögunni yrði vísað frá og hlyti ekki efnislega meðferð. Sú tillaga var samþykkt með handauppréttingum og var því tillögunni vísað frá.**

---

## **4. Tillögur að lagabreytingum frá Svæðafélagi Norðurlands (2 tillögur)**

### **TILLAGA 1**

Var:

III. Félagsfundir

9. Félagsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Ekki má greiða atkvæði samkvæmt umboði. Atkvæðagreiðsla fer fram með

handauppréttingu. Við kosningar á milli manna skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það. Atkvæðagreiðsla um önnur mál getur verið skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það og fundarstjóri samþykkir.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn í kosningum á milli manna, skal varpa hlutkesti þannig að úrslit fáiast.

#### **Verður:**

#### **III. Félagsfundir**

9. gr. Félagsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. **Kosning til stjórnar fer fram með póstatkvæðagreiðslu, rafrænt eða skriflega á félagsfundum. Sé atkvæðagreiðslan á félagsfundum getur félagsmaður sem greitt hefur félagsgjald sitt, óskað eftir að greiða atkvæði utan félagsfundar. Slík atkvæði skulu hafa borist félaginu í seinasta lagi tveimur dögum fyrir aðalfund.**

Ekki má greiða atkvæði samkvæmt umboði. Atkvæðagreiðsla um önnur mál en kosningu til stjórnar **fer fram með handauppréttingu, en getur verið skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það og fundarstjóri samþykkir.**

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn í kosningum á milli manna, skal varpa hlutkesti þannig að úrslit fáiast.

Þorsteinn Þorbergsson tók til máls og kvaðst hissa á að sjá þessa lagabreytingatillögu eitt árið í viðbót. Leitað hefði verið leiða til þess að hægt væri að halda fundinn á fleiri stöðum með fjarfundabúnaði og kvaðst Þorsteinn telja að það úrræði ætti að nægja.

Ólafur E. Jóhannsson tók til máls og kvaðst hafa skilning á sjónarmiðum landsbyggðafólks í málinu. Hann gerði dagskrártillögu um samþykkt yrði að unnið yrði að málinu innan stjórnar eða laganefndar.

Björn Ólafsson tók til máls og kvaðst leggja til að tillögunni yrði vísað frá en hvorki til laganefndar né stjórnar.

Jóna Th. Viðarsdóttir kvaðst styðja þá hugmynd að leitað yrði áfram lausna á því hvort hvort til væru einhverjar betri aðferðir

**Lagabreytingatillögunni var vísað frá í heild sinni og kemur ekki til frekari kasta fundarins.**

---

## **TILLAGA 2 - frá Svæðafélagi Norðurlands**

**Viðbót** við II. Félagsmenn

**5.c) Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar.**

Guðríður Valgeirsdóttir tók til máls um tillöguna. Stjórnin styður tillöguna en segir að hún eigi ekki heima þar sem tilgreint er heldur í IV. kafla, 10. gr., „Stjórn félagsins“.

---

## **5. Tillaga að lagabreytingu frá Pétri Alan Guðmundssyni**

### **IV. Stjórn félagsins**

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal

kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfilegt. **Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu ekki jafnframt vera launaðir starfsmenn félagsins.**

Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert. Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Ákveðið var af fundarstjóra að Pétur Alan Guðmundsson myndi gera grein fyrir sinni tillögu samhliða tillögu Svæðafélags Norðurlands.

Þorsteinn Þorbergsson stakk upp á að ef tillaga Svæðafélagsins yrði samþykkt að nýtt ákvæði yrði fellt undir kafla IV, 10. gr. í lögnum. Hann stakk upp á breytingu á tillögu Péturs Alans Guðmundssonar.

Breytingartillaga Þorsteins við tillögu Péturs er eftirfarandi: „launaðir starfsmenn félagsins“ verði **„fastráðnir starfsmenn félagsins“**

Ólafur E. Jóhannsson tók til máls og kvað breytingartillöguna byggða á misskilningi. Lagabreytingartillögunni væri ekki beint gegn neinum.

Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls og stakk upp á því að tillagan yrði orðuð þannig: **„skulu jafnframt ekki vera á launaskrá hjá félaginu“**

**Tillaga 2 frá Svæðafélagi Norðurlands** - óbreytt tillaga en á öðrum stað í lögnum en tilgreint er - **Samhljóða ákvæði** „Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar“ **skal bætast aftan við 10. gr.**

**Breytt tillaga er samþykkt með þorra greiddra atkvæða.**

**Tillaga Péturs Allans Guðmundssonar**

Breytingartillaga Jónu Th. Viðarsdóttur **„skulu ekki jafnframt vera á launaskrá hjá félaginu“**

**Breytt tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt með miklum meirihluta greiddra atkvæða.**

## **7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.**

**Ekki er kosið um formann í ár.**

Úr aðalstjórn ganga Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.  
Úr varastjórn gengur Súsanna G. Antonsdóttir

**Í framboði í aðalstjórn til 2ja ára voru:**

Delia Howser  
Guðmundur A. Guðmundsson  
Ólafur E. Jóhannsson

Kosið er um tvo í aðalstjórn.

**Í framboði í varastjórn til 2ja ára er:**

**Delia Howser**  
Guðmundur A. Guðmundsson  
**Ólafur E. Jóhannsson**

## **Kosið er um einn í varastjórn**

Fundarstjóri las upp bréf með yfirlýsingu Guðmundar A. Guðmundssonar um að hann drægi framboð sitt til aðalstjórnar til baka og byði sig aðeins fram sem varamann.

Að lestrinum loknum lýsti fundarstjóri þau Deliu Howser og Ólaf E. Jóhannsson rétt kjörin í aðalstjórn HRFÍ og Guðmund A. Guðmundsson réttkjörinn í varastjórn.

**Risu nýkjörnir stjórnarmenn úr sætum og var fagnað með lófataki.**

## **8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.**

Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir

Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Sigmundur Friðbjólfsson

**Var kosningu ofangreindra fagnað með lófataki.**

## **9. Kosning siðanefndar**

Siðanefnd skal kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar félagsmanna HRFÍ, jafnframt skal kjósa tvo varafulltrúa. Nefndarmenn og varamenn þeirra geta ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn HRFÍ. Siðanefnd velur sér formann.

Kristín Sveinbjörnsdóttir og Hilmar Sigurgíslason gáfu kost á sér til áframhaldandi setu sem aðalmenn en Herdís Hallmarsdóttir hrl. sem var aðalmaður gaf nú kost á sér sem varamaður. Guðríður Valgeirsdóttir gaf kost á sér sem aðalmaður og Guðrún Sigríður Sigurðardóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu sem varamaður. Allir nefndarmenn gáfu áfram kost á sér.

**Voru ofangreindir aðilar því sjálfkjörnir í siðanefnd sem aðalmenn og varamenn. Var kosningunni fagnað með lófataki.**

## **10. Önnur mál.**

**Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins. Ef tillaga er lögð fram á aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál skv. þessum tölulið, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar, en ekki til ákvörðunar.**

**Ákveðið var að færa umfjöllun um tillögu stjórnar samkvæmt 21. gr. um stofnun ræktunardeildar siberian husky aftast undir liðinn önnur mál á fundinum.**

## **2. Erindi frá Guðríði Magnúsdóttur**

Að augnskoðunum hjá Hundaræktafélagi Íslands verði fjölgað í amk. 5 sinnum á ári og reynt að hafa þær í tengslum við hundasýningar eða annan stóran viðburð hjá félaginu og amk. ein skoðun verði árlega líka hjá Svæðafélagi Norðurlands.

Rökstuðningur:

A) Nú í dag eru þrjú augnskoðanir á ári hjá félaginu sem er vel en hægt er að hafa fimm skoðanir með nákvæmlega sama tilkostnaði þar sem það koma tveir augnlæknar

í tvö skipti en einn í eitt skipti.

Skv. samtali við Valgerði framkvæmdarstjóra fyrr í vor þá kom í ljós að þegar tveir augnlæknar koma þá eru það tveir einstaklingar þannig að allur kostnaður á við að fá augnlækni í 5 skipti yrði sá sami fyrir félagið.

B) það hentar fjölmörgum tegundum að hvolpar séu augnskoðaðir á aldrinum 6-12 vikna td. með tilliti til CEA augnskoðun á hvolpum erlendis gildir fyrir lífstíð

C) Málum til siðanefndar sem eru vegna þess að hundar hafa ekki gilt augnvottorð tel ég að myndi stórfækka

Sbr heimasíðu félagsins/siðanefndar eru af 62 úrskurðum fyrir árið 2010 eru 20 rakkar og 20 tíkur sem ekki eru með gilt augnvottorð við þörun.

Í fyrirbyggjandi 24 úrskurðum fyrir árið 2011 (og þá eiga líklegast einhverjir eftir að skila sér,) þá eru 7 rakkar og 6 tíkur sem hafa ekki gilt augnvottorð við þörun.

Jóna Th. Viðarsdóttir tók til máls og kvaðst ekki sjá þörf á breytingu á tilhögun augnskoðunnar. Stundum væri gott að vera með tvo augnsérfræðinga í einu svo að þeir geti borið saman bækur sínar.

Þorsteinn Þorbergsson kom með dagskrártillögu um að tillögunni yrði vísað til nýkjörinnar stjórnar.

**Var sú tillaga borin undir atkvæði og samþykkt með meiri hluta atkvæða.**

### 3. Erindi frá Brynju Tomer

*Erindið snýr að breytingum á starfsreglum ræktunardeilda félagsins, V kafla, um deildarsýningar. Ég óska eftir því að tillögur mínar um breytingar verði teknar til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu á fundinum.*

*Ég óska jafnframt eftir því að greidd verði atkvæði um hverja grein fyrir sig og að atkvæðagreiðsla verði skrifleg.*

*Virðingarfyllst,*

*Brynja Tomer*

#### Úr V kafla um starfsreglur ræktunardeilda HRFÍ

1. grein verði þannig:

*Ræktunardeildir HRFÍ skulu leitast við að halda deildarsýningar þar sem sérfræðingar um viðkomandi tegundir sjá um að dæma hundana og meta ræktunarstofninn. Umsóknir um deildarsýningu skulu berast stjórn og sýningastjórn HRFÍ fyrir 1. nóvember á árinu áður en sýning er fyrirhuguð og skal stjórn og sýningastjórn HRFÍ leitast við að svara innan mánaðar. Stjórn HRFÍ getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.*

2. grein verði þannig:

Umsókninni þarf að fylgja fjárhagsáætlun *ásamt upplýsingum um dagsetningu, stað* fyrirhugaðrar sýningar og hvaða hundategundir skuli dæma.

*Ræktunardeild skal sýna fram á fjárhagslega burði til að standa straum af kostnaði við sýninguna og bera alfarið fjárhagslega ábyrgð á henni. Ræktunardeild tekur ábyrgð á tapi og hið sama á við ef hagnaður verður af sýningunni, þá rennur hann til viðkomandi deildar.*

*Treysti ræktunardeild sér ekki til að bera fjárhagslega ábyrgð á deildarsýningu, getur hún óskað eftir því við stjórn HRFÍ að félagið taki áhættuna og rennur hagnaður sýningarinnar þá í sjóð HRFÍ. Sama á þá við ef tap verður af sýningunni, þá sér HRFÍ um að greiða það.*

*Ræktunardeild annast skráningu hunda á deildarsýningu, prentun sýningaskrár, umsagnarblaða og þátttökunúmera og fær til þess afnot af viðeigandi tölvukerfi HRFÍ sé eftir því óskað.*

*Ræktunardeild annast skráningu árangurs hunda á deildarsýningu í tölvukerfi HRFÍ og skal í þeim tilgangi fá aðgang að viðeigandi tölvukerfi og búnaði, í samráði við starfsfólk skrifstofu HRFÍ. Óski starfsfólk skrifstofu eftir því að annast skráninguna skal ræktunardeild ekki amast við því.*

*Ræktunardeildir geta keypt umsagnarblöð, borða, rósettur og annað sem tilheyrir sýningum af HRFÍ á kostnaðarverði eða með hóflegri álagningu.*

### 3. grein verði þannig:

Tillögur um dómara þurfa að fylgja umsókn um sýningu og dómara verður að bjóða með góðum fyrirvara, jafnvel ári eða meira. Dómara skal bjóða skriflega á bréfsefni HRFÍ *eða með tölvupósti af netfangi viðkomandi deildar* og bréfið/tölvupósturinn undirritað af *stjórnarmanni ræktunarstjórnar*.

Brynja Tomer tók til máls og kvaðst vilja að umræða skapaðist um tillögur hennar. Hún óskar ekki lengur eftir því að þær verði bornar undir atkvæði. Hún kvað fundinn vera góðan vettvang fyrir umræður.

Delia Howser tók til máls og kvaðst fagna tillögu Brynju og lýsa yfir stuðningi við það sem þar kæmi fram.

Klara Hafsteinsdóttir tók til máls og kvaðst styðja tillöguna. Sérfræðidómarar væru mikilvægir fyrir ræktunina.

Ólafur E. Jóhannsson kvaðst styðja tillöguna.

Ekki urðu frekari umræður um erindi Brynju og samkvæmt ofanrituðu voru ekki greidd um hana atkvæði.

Samkvæmt 21. gr. var tillaga um stofnun ræktunardeildar siberian husky borin upp fyrir fundinn.

Stefán Arnarson tók til máls og talaði fyrir stofnun deildarinnar.

Brynja Tomer tók til máls og hvatti til þess að ný ræktunardeild og stjórn félagsins tæki höndum saman um að bæta aftur orðspor husky tegundarinnar á meðal almennings.

### **Tillagan um að stofnuð verði siberian husky ræktunardeild var samþykkt með handaupprettingu.**

Þorsteinn Þorbergsson tók til máls undir liðnum „Önnur mál“. Hann benti á að enn einn aðalfundur hefði farið í umræður um tæknimál og breytingar á lagakrókum. Hann hvatti til þess að fólk einbeitti sér að mikilvægari málum eins og hundunum sjálfum.

Björn Ólafsson tók til máls og kvaðst vilja þakka fráfarandi stjórnarkonum samstarfið.

Pétur Allan Guðmundsson tók til máls og vildi undirstrika að lagabreytingartillögum hans hefði ekki verið beint til neins sérstaks. Hann taldi óþarft fyrir félagið að senda fulltrúa svona oft á fundi hjá FCI. Hann taldi vanta upp á

samskipti stjórnar og skrifstofu við félagsmenn. Hann taldi einnig að auka mætti samskipti stjórnarinnar og fuglahunda- og retriever dómara.

Svava Garðarsdóttir tók til máls og vildi hvetja nýja stjórn til að leggja áfram rækt við Unglingadeild og það góða starf sem þar væri unnið.

Ragnar Sigurjónsson tók til máls og vildi vekja athygli á því að fólk ynni ekki nógu mikið með vandamál hjá hundum sínum. Allt of mikið væri af stjórnlausum hundum.

Guðríður Valgeirsdóttir tók til máls og þakkaði samstarfsfólki sínu fyrir gott samstarf, sérstaklega Jónu Th. Viðarsdóttur. Hún lagði áherslu á að félagsmenn sýndu hver öðrum virðingu og mætu störf hvers annars. Hún óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í starfi og sérstaklega nýjum stjórnarmönnum.

Fundarstjóri tók til máls og lýsti mælendaskrá lokaða. Hann afsalaði sér fundarstjórn og gaf formanni HRFÍ, Jónínu Th. Viðarsdóttur, orðið.

Jóna þakkað þeim Guðríði Valgeirsdóttur, Valgerði Júlíusdóttur og Súsönnu Antonsdóttur fyrir samstarfið í stjórn. Hún færði Guðríði og Valgerði blómvendi sem þakkarvott og var þeim klappað lof í lófa. Jóna áréttaði nauðsyn þess að félagsmenn tækju höndum saman til að bæta hundahald.

Hún lauk orðum sínum með því að þakka Pétri Erni Sverrissyni hrl. fyrir fundarstjórn og Guðrúnu Margréti Baldursdóttur fyrir ritarastörf.

Að því sögðu lýsti hún fundi slitið.

Fundi slitið kl. 12.17

Þannig fram farið

Pétur Örn Sverrisson (sign)  
Guðrún Margrét Baldursdóttir (sign)